

Nd.

668. Frumvarp

til laga um friðun Þingvalla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grendin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

2. gr.

Mörk friðhelga svæðisins skulu vera sem hjer segir :

- a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
- b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.
- c. Að norðan: frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hliðargjá.
- d. Að austan: Eystri bakki Hliðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Landið innan ofannefndra marka skal, eftir því er Þingvallanefnd kveður á og fært kann að reynast, varið fyrir ágangi af sauðfje og geitum. En skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrifist, skal vera algerlega friðað. Þó skal nefndin gera ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfjenaði hjeraðsmanna tjón.

Þingvallanefnd ræður veiði í Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur í a-lið.

Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar.

3. gr.

Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta svæði, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarjett jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarjettinn, samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati. Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir aukning fjallskila og rýrnun útsvara, enda náist ekki samningar.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki nást viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

4. gr.

Friðlýsta landið skal vera undir vernd Alþingis og æfinlega eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

5. gr.

Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða í rikiseign, sem til eru greindar í 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skifti á þingi 1928.

6. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um friðlýsta svæðið og meðferð þess, en stjórnarráð staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því þve upp í kostnað við friðunina. Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn.

7. gr.

Öll óhjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla samkvæmt lögum þessum greiðast úr rikissjóði.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara skulu varða sektum, alt að 1000 kr., þriggja mánaða fangelsi eða hvorutveggja eftir málavöxtum.